

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 13. apríl 2023

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Vilhjálmur Árnason, formaður

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar vegna frumvarps til laga um Land og skóg, 858. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands taka jákvætt undir þau áform að sameina Landgræðsluna og Skógræktina í eina stofnun Land og skóg, enda verði fylgt eftir þeim markmiðum að með sameiningunni verði þjónusta og ráðgjöf eflað, samskipti einfölduð, auk þess sem náð verði betri yfirsýn yfir þau verkefni sem sameiginleg eru báðum stofnunum.

Eins og fram kemur í greinargerð með drögum að frumvarpi þessu eiga m.a. bændur og landeigendur mikilla hagsmuna að gæta varðandi þau verkefni sem hin sameinaða stofnun Land og skógur mun sinna. Bændasamtökin leggja því mikla áherslu á að öll þau grunnverkefni sem báðar stofnanirnar sinna í dag verði hluti af verkefnum sameinaðrar stofnunar.

Bændasamtökin ítreka einnig þá tillögu sem samtökin settu fram á fyrri stigum málsins að lögbundið verði samstarfsráð sem fjalli um starfsemi sameinaðrar stofnunar. Er þetta lagt til þar sem ljóst má vera, vegna umfangs starfsemi beggja stofnana, að um er að ræða bæði umfangsmikið og flókið sameiningarferli. Því er lagt til að eftirfarandi grein verði bætt inn í frumvarpið, en um er að ræða samskonar ákvæði og finna má í lögum um Matvælastofnun.

Samstarfsráð.

Land og skógur skal hafa samvinnu og samráð við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar. Við stofnunina skal starfa samstarfsráð þar sem reglubundið samráð og miðlun upplýsinga á sér stað. Meðal annars skal leggja fram til umræðu í ráðinu áætlun um störf stofnunarinnar og kynna nýjar áherslur og fyrirhugaðar breytingar á starfi stofnunarinnar. Ráðherra skipar samstarfsráðið, ákveður fjölda fulltrúa og hverjir tilnefna þá auk Land og skógar. Ráðið skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, en ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þess.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur